



Á Íslandsmótinu í Staðlaðri skammbýssu urðu tveir félagsmenn okkar meistarar í dag, Karl Kristinsson sigraði í einstaklingskeppni karla og Jórunn Harðardóttir sigraði í kvennakeppninni, en Kristína Sigurðardóttir úr SR varð önnur og Þórhildur Jónasdóttir einnig úr SR varð þriðja. Í liðakeppni karla varð A-sveit SR í öðru sæti en hana skipuðu Karl Kristinsson, Kolbeinn Björgvinsson og Jón Árni Þórisson og B-sveitin varð í 3ja sæti með innanborðs þá Sigurgeir Arnþórsson, Engilbert Runólfsson og Guðmund Kr. Gíslason. Á hópmyndinn má sjá keppendur SR á mótinu í lok móts. *Ljós: GKG og JAK*

